

ATH! Breyting um áramót



Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	13-16	13-15

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



Desember 2016

Aukablað fundargerðir

Sími: 480 5500 | Netfang: gogg@gogg.is



Grímsnes- og  Grafningshreppur

SVEITARFÉLAGIÐ ÞJÓNUSTA STJÓRNSÝSLA ÍBÚAGÁTT Q



Á HEIMASÍÐU OKKAR
gogg.is
ER HÆGT AÐ LESA ALLAR FUNDARGERÐIR
SVEITARSTJÓRNAR OG NEFNDA

SÍMANÚMER HJÁ GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPI

Skrifstofa	480 5500
Kerhólsskóli	480 5520
Sundlaug	480 5530
Áhaldahús	480 5531
Félagsheimili	480 5535



FUNDARGERÐ.

399. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 9. nóvember 2016 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. október 2016.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. október 2016 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

- a) **Fundargerð 56. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 20. október 2016.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- b) **Fundargerð 120. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 27. október 2016.**

Förum varlega með eld



Látið kerti

ALDREI

loga innanhúss án eftirlits

14. Fjárhagsáætlun 2017-2020, fyrri umræða.

Fyrir liggja drög að fjárhagsáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir fjárhagsárið 2017 og fyrir árin 2018, 2019 og 2020 sbr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sveitarstjórn vísar áætluninni til annarrar umræðu.

15. Staða fjárhagsáætlunar 2016.

Farið var yfir stöðu bókhalds og borið saman við fjárhagsáætlun ársins 2016 eftir fyrstu tíu mánuði ársins.

16. Fulltrúi á fund Skipulagsnefndar þann 24. nóvember n.k.

Sveitarstjórn samþykkir að Björn Kristinn Pálmarsson verði fulltrúi sveitarfélagsins á fund Skipulagsnefndar þann 24. nóvember n.k.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 250. stjórnarfundar 07.11 2016.
- ✓ SASS. Fundargerð aðalfundar 20. og 21. október 2016.
- ✓ Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Fundargerð aðalfundar 20. október 2016.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð aðalfundar 21. október 2016.
- ✓ Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra, 1. tbl. 10. árg. 2016.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:05



Mál nr. 1, 2, 3 og 12 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 120. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 27. október 2016. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: 1602016 - Bildsfell 6 land 5 lnr. 220399: Fristundasvæði: Deiliskipulag.

Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga tillaga að deiliskipulagi fristundahúsalóða á spildu úr landi Bildsfells, land sem heitir Bildsfell 6 land 5. Tillagan var auglýst 1. september 2016 með athugasemdafresti til 14. október. Nokkrar athugasemdir bárust sem að meginefni varða vegtengingu við spildur sunnan við deiliskipulagssvæðið. Þá liggur einnig fyrir umsögn umsækjenda um athugasemdirnar. Að mati sveitarstjórnar er ekki hægt að samþykkja deiliskipulagið nema að gert sé ráð fyrir tengingu við núverandi vegslóða að spildum suðaustan deiliskipulagssvæðisins, þrátt fyrir að í eldri landsskiptum sé gert ráð fyrir aðkomu að spildum á svæðinu meðfram landamerkjum við Bildsfell. Þá þarf einnig að gera ráð fyrir aðkomu að spildu suðvestan skipulagssvæðisins. Afgreiðslu málsins frestað og skipulagsfulltrúa falið að fara yfir málið með umsækjanda.

Mál nr. 2: 1610025 - Hvítárbraut 19c lnr 221345: Aukið byggingarmagn á lóð: Fyrirspurn.

Lögð fram fyrirspurn, dags. 18. október 2016 um heimild til að byggja 8,5 m² gufubað á lóðinni Hvítárbraut 19c í Vaðnesi. Lóðin er 21.860 m² á stærð og er fristundahús í byggingu á lóðinni. Með gufubaði fer nýtingarhlutfall lóðarinnar upp í 0.0304. Að mati sveitarstjórnar er um að ræða svo óverulegt frávík að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Sveitarstjórn gerir því ekki athugasemdir við að veitt verði byggingarleyfi í samræmi við fyrirbyggjandi umsókn.

Mál nr. 3: 1610029 - Þórs-, Óðins- og Herjólfsstígur: Ásgarður: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem nær til hluta Þórs-, Óðins- og Herjólfsstígs í landi Ásgarðs. Um er að ræða breytingu á hnitsettri afmörkun 6 lóða til samræmis við

raunverulega legu þeirra. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að grenndarkynna breytinguna fyrir eigendum lóða sem breytast skv. 44. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 12: 1610003F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 16-40.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 19. október 2016.

c) Fundargerð 39. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 27. október 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða, 18. október 2016.

Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram aðalfundargerð Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða, 18. október 2016.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 3: Fjárhagsáætlun 2017.

Fyrir liggur áætlun næsta fjárhagsárs fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða. Hlutur Grímsnes- og Grafningshrepps í skólaþjónustunni er áætlaður 2.922.000 kr. fyrir árið 2017 og í velferðarþjónustunni er hlutur sveitarfélagsins áætlaður 1.171.000 kr. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi áætlun og gert verður ráð fyrir þessum fjárhæðum í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

e) Fundargerð 4. fundar ferðamálaráðs uppsveitanna, 20. október 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 9. fundar Héraðsnefndar Árneshöfða bs., 11. og 12. október 2016.

Mál nr. 9 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 9. fundar Héraðsnefndar Árneshöfða, 11. og 12. október 2016.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

12. Gjaldskrá fyrir Félagsheimilið Borg, verði eftirfarandi:

Veislur:

Ferðingar – afmæli, dagveislur	65.000 kr.
Brúðkaup – afmæli, kvöldveislur	85.000 kr.
Ættarmót, öll helgin	140.000 kr.
Ættarmót, sólarhringur	65.000 kr.

Fundir:

Kaffistofa	23.000 kr.
Stóri salur	38.000 kr.
Allt húsið	53.000 kr.
Ráðstefnur, námskeið o.þ.h.	53.000 kr.

Annað:

Leiga fyrir innansveitarfólk	23.000 kr.
Leiga á húsi pr.klst	5.000 kr. lágmarkstímar eru 5 klst.
Dansleikir	samningsatriði
Dúkaleiga, pr. dúk	892 kr.

Breytingar þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2017.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögur um álagningu gjalda og gjaldskrárbreytingar.

10. Gjaldskrá dagvistargjalda í leikskóladeild Kerhólsskóla, verði eftirfarandi:

4 klst. vistun	12.965 kr.
4,5 klst. vistun	14.587 kr.
5 klst. vistun	16.206 kr.
5,5 klst. vistun	17.828 kr.
6 klst. vistun	19.456 kr.
6,5 klst. vistun	21.069 kr.
7 klst. vistun	22.691 kr.
7,5 klst. vistun	24.311 kr.
8 klst. vistun	25.933 kr.
8,5 klst. vistun	27.554 kr.
9 klst. vistun	29.174 kr.

Systkinaafsláttur reiknast eingöngu af grunngjaldi og verður 50% fyrir annað barn og 100% fyrir þriðja og fjórða barn. Önnur afsláttakjör verða óbreytt.

11. Gjaldskrá mótuneytis, verði eftirfarandi:

Stakur hádegisverður í leikskóladeild	177 kr.
Hádegisverður pr. mánuð í leikskóladeild	3.382 kr.
Stök hressing í leikskóladeild	92 kr.
Hressing pr. mánuð í leikskóladeild	2.011 kr.
Hádegisverður fyrir grunnskóladeild	317 kr.
Mjólkr pr. mánuð í grunnskóladeild	470 kr.
Ávextir og brauð pr. mánuð í grunnskóladeild	1.176 kr.
Hádegisverður, eldri borgara	410 kr.
Hádegisverður, kostgangara	1.080 kr.

Mál nr. 3: Fjárhagsáætlun 2017.

Fyrir liggur áætlun næsta fjárhagsárs fyrir Héraðsnefnd Árnesinga. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi áætlun og gert verður ráð fyrir hlut sveitarfélagsins við gerð fjárhagsáætlunar.

g) Fundargerð 26. stjórnarfundar Samtaka orkusveitarfélaga, 4. október 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga, 21. september 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Brennu- og skoteldaleyfi.

Fyrir liggur beiðni frá Hjálparsveitinni Tintron um brennu- og skoteldaleyfi fyrir áramótabrennu og flugeldasýningu á Borg þann 31. desember n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita brennu- og skoteldaleyfi.

4. Beiðni um rekstrarstyrk vegna rekstrarársins 2017 frá Stígamótum.

Fyrir liggur bréf frá Stígamótum, dagsett 10. október 2016 um fjárfstyrk til reksturs samtakanna á árinu 2017. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

5. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna tækifærisleyfis fyrir alþjóðlegt skátamót að Úlfjótssvatni dagana 25. júlí til 4. ágúst 2017.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 21. október 2016 um umsögn vegna tækifærisleyfis fyrir alþjóðlegt skátamót að Úlfjótssvatni dagana 25. júlí til 4. ágúst 2017. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

6. Bréf frá Forsætisráðuneyti þar sem tilkynnt er að eignarheimildum á fasteignina „Landsvæði norðan Grímsnesafréttar, landnúmer 223943“ hafi verið þinglýst.

Fyrir liggur bréf frá Forsætisráðuneytinu, dagsett 28. október 2016 þar sem tilkynnt er að eignarheimildum á fasteignina „Landsvæði norðan Grímsnesafréttar, landnúmer 223943“ hafi verið þinglýst. Bréfið lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Forsætisráðuneyti þar sem tilkynnt er að eignarheimildum á fasteignina „Grímsnesafréttur, landnúmer 224194“ hafi verið þinglýst.

Fyrir liggur bréf frá Forsætisráðuneytinu, dagsett 28. október 2016 þar sem tilkynnt er að eignarheimildum á fasteignina „Grímsnesafréttur, landnúmer 224194“ hafi verið þinglýst. Bréfið lagt fram til kynningar.

8. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna undanþágu frá íbúafjölda þjónustusvæðis í málaflokki fatlaðs fólks.

Fyrir liggur umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 28. október 2016 vegna undanþágu frá íbúafjölda þjónustusvæðis í málaflokki fatlaðs fólks. Umsögnin lögð fram til kynningar.

9. Bréf frá Guðlaugu Ósk Svansdóttur f.h. ráðgjafateymis Uppbyggingarsjóðs Suðurlands þar sem úthlutunarreglur sjóðsins eru kynntar og óskað eftir að þær verði sérstaklega kynntar ungu fólki á aldrinum 16-25 ára.

Fyrir liggur bréf frá Guðlaugu Ósk Svansdóttur f.h. ráðgjafateymis Uppbyggingarsjóðs Suðurlands, dagsett 26. október 2016 þar sem úthlutunarreglur sjóðsins eru kynntar og óskað eftir að þær verði sérstaklega kynntar ungu fólki á aldrinum 16-25 ára. Bréfið lagt fram til kynningar.

10. Tölvupóstur frá framkvæmdarstjóra SASS, Bjarna Guðmundssyni þar sem óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2016.

9. Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar Borg, verði eftirfarandi:

Sund:	<i>fullorðnir, 17-67 ára</i>	<i>börn 7-16 ára</i>
Stakt skipti	1.000 kr.	500 kr.
10 miða kort	5.000 kr.	2.500 kr.
30 miða kort	13.000 kr.	6.500 kr.
Árskort	35.000 kr.	17.500 kr.

Þreksalur:

Stakt skipti	1.800 kr.
10 miða kort	11.000 kr.
30 miða kort	21.000 kr.
Árskort	35.000 kr.

Íþróttasalur:

Fullorðinn – 60 mín.	1.500 kr.
Barn – 60 mín.	750 kr.
Hálfur dagur	12.000 kr.
Heill dagur	21.000 kr.

Sturta	600 kr.
Leiga á sundfatnaði	600 kr.
Leiga á handklæði	600 kr.

Íbúum með lögheimili í sveitarfélaginu er boðið upp á að kaupa árskort í sund, þreksal og íþróttasal.

Fullorðnir, 17-67 ára 8.000 kr.

Börn, 11-16 ára 3.500 kr.

Frítt er fyrir börn 10 ára og yngri með lögheimili í sveitarfélaginu.

C. Rúmmetragejald skv. mæli:

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skal greiða varmagjald. Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns hækkar úr kr. 113,30 í kr. 117,80.

Sumarbústaður sem er með mæli og greiðir skv. rúmmetragejaldi skal þó aldrei greiða minna en sem nemur 3,0 l/mínútu eða sem nemur kr. 7.431 á mánuði, sbr. A-liður 5. gr.

Mælagjald á mánuði:

C1 Stærð mælis/hemils DN 15 1.181 kr.

C2 Stærð mælis/hemils DN 20 1.688 kr.

C3 Stærð mælis/hemils DN 25 2.087 kr.

C4 Stærð mælis/hemils DN 32 2.488 kr.

C5 Stærð mælis/hemils DN 40 2.890 kr.

C6 Stærð mælis/hemils DN 50 3.955 kr.

D. Stofngjöld

Íbúðarhús allt að 300m³ og gróðurhús allt að 200m³ kr. 630.555 og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 240kr/m³.

Vélageymslur og gripahús allt að 300m³ kr. 366.540 og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 240kr/m³.

Fyrir sumarhús er stofngjaldið kr. 630.555.

Gjald fyrir auka mælagrind er kr. 94.100.

Auk stofngjaldsins sem að framan greinir skal greiða 4.720 kr. fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð.

E. Önnur gjöld

Lokunargjald verður kr. 17.680 og auka álestur kr. 8.320.

7. Lóðaleiga, verði 1% af lóðamati.

8. Gatnagerðargjöld, verði óbreytt.

Fyrir liggur tölvupóstur frá framkvæmdarstjóra SASS, Bjarna Guðmundssyni, dags. 2. nóvember 2016 þar sem óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2016. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. Bréf frá forstjóra Þjóðskrár Íslands, Margréti Hauksdóttur þar sem kynnt er skýrsla um fasteignamat 2017.

Fyrir liggur bréf frá forstjóra Þjóðskrár Íslands, Margréti Hauksdóttur, dagsett 26. október 2016 þar sem kynnt er skýrsla um fasteignamat 2017. Bréfið lagt fram til kynningar.

12. Beiðni Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um umsögn á drögum að reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Birt hafa verið inn á heimasíðu Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins drög að nýrri reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Reglugerðin lögð fram til kynningar.

13. Héraðsdómur Suðurlands, dómur nr. E202/2016, Edda Guðmundsdóttir, Rúnar Þór Birgisson, Úlfhildur Stefánsdóttir, Leifur Þór Ragnarsson, Ingólfur Andrason, Sigurður Gíslason og Lovísa María Erlendsdóttir gegn Grímsnes- og Grafningshreppi og Velferðarþjónustu Árnesþings.

Fyrir liggur dómur Héraðsdóms Suðurlands frá 3. nóvember s.l. í máli nr. E202/2016, Edda Guðmundsdóttir, Rúnar Þór Birgisson, Úlfhildur Stefánsdóttir, Leifur Þór Ragnarsson, Ingólfur Andrason, Sigurður Gíslason og Lovísa María Erlendsdóttir gegn Grímsnes- og Grafningshreppi og Velferðarþjónustu Árnesþings. Dómkröfur stefnenda eru að felldar verði úr gildi stjórnvalsákvæðanir stefndu um að hver stefnandi fyrir sig fengi allt að 120 ferðir á mánuði með ferðarþjónustu fatlaðs fólks og að óheimilt hafi verið að synja beiðnum um ferðarþjónustu innan byggðahverfisins Sólheima. Þann 20. mars 2013 samþykkti sveitarstjórn samhljóða samræmdar reglur um ferðarþjónustu fatlaðs fólks fyrir Velferðarþjónustu Árnesþings. Kröfum stefnenda var vísað frá dómi og felldar úr gildi stjórnvalsákvæðanir stefndu. Að auki er stefndu gert að greiða hverjum stefnanda 500.000 kr. í miskabætur og 100.000 kr. í málskostnað. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa málinu til Hæstaréttar. Guðmundur Ármann Pétursson vék sæti við afgreiðslu málsins.

14. Ferðaskýrsla frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna námsferðar til Svíþjóðar dagana 29. ágúst til 1. september 2016.

Fyrir liggur ferðaskýrsla frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna námsferðar sambandsins til Svíþjóðar dagana 29. ágúst til 1. september 2016. Skýrslan lögð fram til kynningar.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 249. stjórnarfundar, 19.10 2016.
 - ✓ SASS.
Fundargerð 513. stjórnarfundar, 19.10 2016.
 - ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 843. stjórnarfundar, 28.10 2016.
 - ✓ Markaðsstofa Suðurlands.
Fundargerð 1. stjórnarfundar, 02.05 2016.
 - ✓ Markaðsstofa Suðurlands.
Fundargerð 2. stjórnarfundar, 05.09 2016.
 - ✓ Markaðsstofa Suðurlands.
Fundargerð 3. stjórnarfundar, 03.10 2016.
 - ✓ Uppeldi & forvarnir, tímarit Foreldrahúss/Vímulausrar æsku,
1. tbl. október, 2016.
- liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:25



- 5. Vatnsveita,** vatnsskattur íbúðarhúsa verði 0,25% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 50.000 og lágmarksálagning verði kr. 25.000 á hús.

Vatnsskattur fristundahúsa verði 0,25% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 50.000 og lágmarksálagning verði kr. 25.000 á hús.

Vatnsskattur fyrirtækja verði 0,25% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 170.000 og þau fyrirtæki sem safna vatni í eigin miðlun fá 30% afslátt af vatnsskatti.

Tengigjöld vatnsveitu (stofngjöld) fyrir fristundahús og íbúðarhús verða kr. 449.500.

Tengigjöld fyrir lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verða kr. 667.650.

Á þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt á en hafa tengst vatni er innheimt fast árgjald kr. 25.000.

Fyrir ný skipulagða fristundabyggð sem tengjast skal vatnsveitu sveitarfélagsins skal landeigandi greiða kr. 45.000 fyrir hverja lóð á skipulagi fyrir lagningu stofnlagnar.

Gjaldskráin miðast við að heimtaug í sumarhús sé 20mm. Velji menn 25mm heimtaug tvöfaldast tengigjaldið og semja verður sérstaklega um sverari heimtaugar.

- 6. Hitaveita,** 5. gr. A, B, C, D og E-liður gjaldskrá hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps breytist þannig:

A. Hemlagjald (varmagjald):

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða fyrir hemlagjald. Lámaksstilling er 3,0 l/ mínútu.

Hemlagjald fyrir hvern mínútuliter á mánuði hækkar úr kr. 2.382 í kr. 2.477.

B. Eldri samningar

Þar sem vatnið er keypt skv. hemli beint úr stofnlögn hækkar gjald fyrir hvern mínútuliter úr kr. 2.124 á mánuði í kr. 2.209.

4. **Sorp, álagning vegna sorphirðu og sorpeyðingar vegna heimilissorp er:**

Sorphirðugjald:

<i>Ílátastæðir</i>	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna</i>	<i>Græntunna</i>
240 L ílát	17.364 kr.	7.532 kr.	7.532 kr.
660 L ílát	50.104 kr.	23.054 kr.	23.054 kr.
1.100 L ílát	82.343 kr.	37.265 kr.	37.265 kr.
8.000 L ílát	211.877 kr.		
3.000 L ílát	151.624 kr.		

Sorpeyðingargjald:

<i>Íbúðarhúsnæði</i>	<i>21.000 kr.</i>
<i>Fristundahúsnæði</i>	<i>15.403 kr.</i>
<i>Lögbýli</i>	<i>10.269 kr.</i>
<i>Fyrirtæki</i>	<i>23.698 kr.</i>

Gjaldfrjálst verður á gámastöð fyrir allt að 3 m³ vikulega.

Umframmagn er gjaldskyld á móttökustöð, miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m³ 5.000 kr.

FUNDARGERÐ.

400. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 23. nóvember 2016 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Björn Kristinn Pálmarsson í fjarveru Harðar Óla Guðmundssonar

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 9. nóvember 2016.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 9. nóvember 2016 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 57. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 17. nóvember 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 37. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 19. október 2016.

Mál nr. 1 og 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 37. fundargerð atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 19. október 2016.

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Borg í sveit.

Fyrir liggur að umfang viðburðarins „Borg í sveit“ hefur aukist verulega milli ára. Atvinnumálanefnd óskar eftir að sveitarstjórn ráði starfsmann til að halda utan um viðburðinn og getur nefndin verið starfsmanninum innan handar sé þess óskað. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna að lausn málsins í samstarfi við nefndina.

Mál nr. 2: Þjónustudagatal 2017.

Atvinnumálanefnd óskar eftir vilyrði sveitarstjórnar fyrir útgáfu viðburðardagatalis líkt og gert var fyrir árin 2015 og 2016. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að viðburðardagatal fyrir árið 2017 verði gert.

c) Fundargerð 38. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 14. nóvember 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 121. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 10. nóvember 2016.

Mál nr. 9, 10 og 16 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 121. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 27. október 2016. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 9: 1611010 - Nesjavellir lóðir 3 - 11: Frístundalóðir: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn frá Eflu verkfræðistofu, dags. 26. október 2016, f.h. Orkuveitu Reykjavíkur, um breytingu á deiliskipulagi frístundahúsalóða í landi Nesjavalla við Þingvallavatn. Í breytingunni felst að suðurmörk lóða nr. 3-5 og 9-11 færist til norðurs og þær minnka miðað við gildandi deiliskipulag.

Afsláttur er af fasteignaskatti íbúðarhúsa til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri eða 75% öryrkjar og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign. Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Til tekna teljast bæði launatekjur og fjármagnstekjur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambylifsólks.

Tekjumörk vegna afsláttar ársins 2017 eru eftirfarandi:

Tekjur einstaklinga	Tekjur hjóna	Niðurfelling
Allt að 2.519.000	Allt að 3.773.000	100%
Milli 2.519.001 – 2.926.000	Milli 3.773.001 – 4.345.000	75%
Milli 2.926.001 – 3.388.000	Milli 4.345.001 – 4.917.000	50%
Milli 3.388.001 – 3.773.000	Milli 4.917.001 – 5.500.000	25%

Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda:

Fjárhæðir að 25.000 eru með einn gjalddaga 1. maí, 25.001-90.000 eru með 5 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. júlí og 90.001 og yfir verði með 7 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. september.

3. Seyra, seyrulosunargjald vegna kostnaðar við seyrulosun/fráveitukerfi verði kr. 9.180 á hvert íbúðarhús, sumarhús og fyrirtæki sem ber samkvæmt byggingarskilmálum að hafa rotþró eða vera tengt viðurkenndu fráveitukerfi.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og verður það 0,2% af fasteignamati húss.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna frá lóðarmörkum við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 192.500.

10. Reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Fyrir liggur drög að reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Jafnframt liggja fyrir umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga. Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir og umsagnir samtakanna við reglugerðina.

11. Vegaúttekt á Suðurlandi.

Oddviti kynnti niðurstöðu Ólafs Guðmundssonar vegna úttektar á vegakerfi í uppsveitum Árnessýslu, Flóahreppi og Ásahreppi. Haldinn var opin fundur í Þingborg þann 17. október s.l. þar sem Ólafur kynnti niðurstöður sínar. Lagt fram til kynningar.

12. Laun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að laun sveitarstjórnar verði óbreytt, þ.e. frá 1. júní 2016 þar til Alþingi Íslands hefur fjallað um úrskurð Kjararáðs.

13. Álagning gjalda og gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2017.

Fyrir liggja tillögur að gjaldskrá og álagningu gjalda vegna ársins 2017.

1. **Útvarshlutfall** árið 2016 verði óbreytt 12,44%.
2. **Fasteignaskattur A**, 0,475% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymslúhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.
Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.
Fasteignaskattur C, 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við breytingu á stærð lóðanna í deiliskipulagi en telur að úr því að verið er að gera breytingu á svæðinu ætti að bæta við skilmálum hvað varðar fráveitu í samræmi við reglugerð nr. 650/2006. Einnig að skýra þurfi betur út hvort og þá með hvaða hætti standa megi að endurnýjun húsa á svæðinu m.t.t. fjarlægðar þeirra frá Þingvallavatni. Afgreiðslu málsins frestað.

Mál nr. 10: 1611019 - Laugarvatn 224243: Land Grímsnes- og Grafningshrepps: Stofnun lóðar.

Fyrir liggur tillaga að lóðablaði sem sýnir land sem Grímsneshreppur keypti úr landi Laugarvatns árið 1917. Landið hefur aldrei verið stofnað en fyrir liggur kaupsamningur frá 1917 milli Böðvars Magnússonar og hreppsnefndar Grímsneshrepps. Skipulagsfulltrúa falið að útfæra nánar greinargerð með lóðablaði í samráði við skipulagsráðgjafa.

Mál nr. 16: 1610006F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 16-41.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. nóvember 2016.

e) Fundargerð 40. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 10. nóvember 2016.

Mál nr. 1 og 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 40. fundargerð stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 10. nóvember 2016. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Fjárhagsáætlun 2016 – 1510041.

Fyrir liggur endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 miðað við endurútreiknaða kostnaðarskiptingu sveitarfélaganna byggða á stöðu mála þann 26. október s.l. Einnig liggur fyrir að skipulagsnefnd hefur samþykkt að laun nefndarmanna hækki ekki í samræmi við nýorðnar breytingar á þingfararkaupi heldur haldi sama krónutala sér. Sveitarstjórn staðfestir endurskoðaða fjárhagsáætlun og laun skipulagsnefndar.

Mál nr. 2: Fjárhagsáætlun 2017 – 1610031.

Fyrir liggur áætlun næsta fjárhagsárs fyrir Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. Hlutur Grímsnes- og Grafningshrepps í embættinu er áætlaður 38.459.448 kr. fyrir árið 2017. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi áætlun og gert verður ráð fyrir þessum fjárhæðum í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

f) Fundargerð aðalfundar Bergrisans bs., 12. október 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 27. stjórnarfundar Samtaka orkusveitarfélaga, 10. nóvember 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 1. fundar starfshóps vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Arnessýslu, 7. nóvember 2016.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Samningur um Laugarásjörðina.

Fyrir liggur samningur um umsjón Bláskógabyggðar á jörðinni Laugarás sem er í eigu uppsveitanna fjögurra, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Bláskógabyggðar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samning og felur Gunnari Þorgeirssyni, oddvita að undirrita samninginn.

4. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Kiðjabergi lóð 112, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 11. nóvember 2016 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II að Kiðjabergi lóð 112, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

5. Bréf frá Katli Sigurjónssyni þar sem óskað er eftir viðræðum við forsvarsmenn sveitarfélagsins vegna áforma um að rannsaka og setja upp vindlund.

Fyrir liggur bréf frá Katli Sigurjónssyni, dagsett 15. nóvember 2016 þar sem óskað er eftir viðræðum við forsvarsmenn sveitarfélagsins vegna áforma um að rannsaka og setja upp vindlund. Sveitarstjórn felur oddvita og / eða sveitarstjóra að vera í sambandi við Ketil.

6. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á endurmati fasteignamats á eigninni Hestur lóð 168520.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 10. nóvember 2016 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni, Hestur lóð 168250, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á endurmati fasteignamats á eigninni Farbraut 17.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 10. nóvember 2016 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á eigninni Farbraut 17, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.

8. Beiðni um rekstrarstyrk vegna rekstrarársins 2017 frá Samtökum um kvennaathvarf.

Fyrir liggur beiðni um rekstrarstyrk fyrir árið 2017 frá Samtökum um kvennaathvarf að fjárhæð kr. 150.000. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

9. Afrit af bréfi frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Hæðarbrúarvegur nr. 3804 af vegaskrá.

Fyrir liggur afrit af bréfi frá Vegagerðinni, dagsett 17. nóvember 2016 til eigenda Hæðarbrúar þar sem tilkynnt er um niðurfellingu Hæðarbrúarvegur nr. 3804 af vegaskrá. Bréfið lagt fram til kynningar.